



Minnisblað til velferðarnefndar

Viðtakandi	Velferðarnefnd Alþingis	Dagsetning	13. febrúar 2024
Sendandi	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Málsnúmer	FRN23110097

Umsagnir til velferðarnefndar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024 – 2027. Mál 584.

Velferðarnefnd Alþingis óskaði eftir minnisblaði þar sem fram kæmi afstaða félags- og vinnumarkaðsráðuneytis til umsagna sem bárust nefndinni um 584. mál – framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024 – 2027. Alls bárust átta umsagnir um áætlunina.

Félagsráðgjafafélag Íslands. Afstaða ráðuneytisins er sú að rétt sé að fallast á það með bæði Félagsgjafafélaginu og Þroskaþjálfafélaginu að bæta við aðgerð er varðar menningu. Ekki voru unnar aðgerðir um íþróttastarf fatlaðs fólks, sem einnig heyrir undir 30. gr. SRFF, þar sem samstarfsverkefnið *Farsælt samfélag fyrir öll – brúum bilið* miðar að því að efla íþróttaástandum fatlaðs fólks, ekki síst fatlaðra barna og ungmenna. Horft verður til ábendinga félagsins er varða samstarfsaðila og efni sem hægt er að byggja á við framkvæmd áætlunarinnar.

Grænir skátar. Ábendingum fyrirtækisins verður komið til Vinnumálastofnunar í gegnum það samstarf sem felst í aðgerðum er varða aukið samstarf og fleiri starfstækifæri fyrir fólk með mismunandi starfsgetu.

Kvenréttindafélag Íslands. Ábendingar um kynjað sjónarhorn í tilteknum aðgerðum og flokkum verða teknar til greina við framkvæmd áætlunarinnar, auk þess sem sérstaklega verður horft til umfjöllunar um ofbeldi í vitundarvakningu og við gerð fræðsluefnis.

Landssamtökin Þroskahjálp. Ráðuneytið tekur undir með Þroskahjálp um mikilvægi þess að sett verði á fót mannréttindastofnun.

Lúðvík Júlíusson. Það er mat ráðuneytisins að ekki sé ástæða til viðbragða vegna umsagnarinnar enda lýtur hún fyrst og fremst að málefnum barna sem eiga tvö heimili. Ábendingum verður komið á framfæri við framkvæmd aðgerða eins og við á.

Samband íslenskra sveitarfélaga (SÍS). Framkvæmdaáætlun var unnin í miklu og góðu samstarfi við SÍS og verður áhersla lögð á kostnaðar- og ábatagreiningar þeirra tillagna sem fela í sér breytingar á fyrirkomulagi þjónustu.

Þroskaþjálfafélag Íslands. Ábendingu félagsins um hæfisskilyrði verður komið áfram í vinnu við framkvæmd aðgerða. Ráðuneytið vill þakka félaginu fyrir vel heppnað málþing um áætlunina og fagnar því þroskaþjálfar vilji taka þátt í vinnunni.

ÖBÍ réttindasamtök. Það er mat ráðuneytisins að umsögn ÖBÍ kalli ekki á breytingar á þingsályktunartillögunni, enda bárust sömu ábendingar í gegnum samráðsgátt stjórnvalda og tók verkefnisstjórn þær til umfjöllunar. Brugðist var við, m.a. með því að koma gögnum til viðeigandi aðila, sbr. athugasemdir við aðgerðir C.2. og C.3, og verður ábendingum komið á framfæri við framkvæmd aðgerða eins og við á. Taka má undir það að til viðbótar við fatlaðar konur og kvár verði horft til fatlaðra barna í aðgerðum sem miða að því að draga úr ofbeldi.